

Ályktun ESB-þingsins kallar á endurmat á stöðu Íslands

Eftir Björn Bjarnason

Þing Evrópusambandsins tók miðvikudaginn 14. mars jákvæða afstöðu til aðildarumsóknar Íslands. Tvö skjöl lágu að baki ályktuninni, annars vegar framvinduskýrsla framkvæmdastjórnar ESB frá 11. október 2011 og hins vegar ályktun utanríkismálanefndar ESB-þingsins frá 6. febrúar 2012.

Skjölin bera með sér að stjórnendur framkvæmdastofnunarinnar og þingsins telja sig hafa undirtökin í viðræðunum við Íslendinga og smátt og smátt muni þeim takast að sjá til þess að íslenska ríkisstjórnin falli inn í aðlögunarramma Evrópusambandsins. Þingið telur að mikilvægt skref í þá átt hafi verið stigið 31. desember 2011 þegar Jóni Bjarnasyni var bolað úr ríkisstjórninni.

Þegar ályktun ESB-þingsins er lesin má staldra við ýmis efnisatriði og velta fyrir sér hvað fyrir þingmönnum vakir. Þeir fagna til dæmis starfi stjórnlagaráðs og hugmyndum þess um breytingar á stjórnarskránni. Sá kafli ályktunarinnar bendir í raun til ótrúlegrar fáfræði um allan vandræðaganginn hjá stjórnarliðum vegna stjórnlagaráðsins og þekkingarleysis á tillögnum sem liggja fyrir frá stjórnlagaráði sem eru að mörgu leyti hálfkaraðar og alls ekki þaulhugsuðar. Telji ESB-þingmenn þessi vinnubrögð til fyrirmyndar við smíði nýrrar stjórnarskrár eru kröfur þeirra í því efni ekki upp á marga fiska.

Af ályktun ESB-þingsins verður ráðið að gjaldeyrishöftin hér á landi séu þröskuldur sem verði að ryðja úr vegi áður en aðildarviðræðunum er lokið. Hinn 2. mars birti sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins skýrslu um stöðu efnahagsmála á Íslandi og sagði þar að gjaldeyrishöftin yrðu að gilda fram yfir lok árs 2013. Stjórnarflokkarnir samþykktu hert gjaldeyrishöft í skjóli myrkurs mánudaginn 12. mars. Að hætti þeirra sem tala um góðan árangur í ESB-viðræðunum sögðu flutningsmenn hinna nýju haftareglna að setning þeirra mundi flýta fyrir afnámi gjaldeyrishaftanna!

ESB-þingmennirnir gera greinarmun á Icesave-deilunni annars vegar og makríldeilunni hins vegar. Þeir segja Icesave til meðferðar í EFTA-dómstólnum og þess vegna utan aðildarviðræðnanna en makríldeilan sé hins vegar hluti viðræðnanna. Afstaðan til Icesave varð til þess að ESB-þingmaður breska Íhaldsflokksins greiddi atkvæði gegn ályktuninni og sagðist ekki mundu styðja aðild Íslands nema Icesave-deilan leystist. Sagði þingmaðurinn að David Cameron, forsætisráðherra Breta, væri sömu skoðunar. Bretar og Írar geta beitt neitunarvaldi telji þeir Íslendinga ekki nógu undirgefna í makrílmálinu.

Þegar ályktun ESB-þingsins er lesin sést að enn er langt í land á mörgum sviðum sem aldrei fást rædd fyrir opnum tjöldum hér á landi því að í þeim birtist að enginn meirihluti er á þingi fyrir því sem gera þarf af Íslands hálfu til að samkomulag takist við ESB.

Við þessar aðstæður er óhjákvæmilegt að gera hlé á ESB-viðræðunum til að endurmeta stöðuna og síðan leggja málið undir þjóðina til að kanna hvort hún vilji að þráðurinn verði tekinn upp að nýju.